

Umsögn

um athugasemdir sem bárust á kynningartíma áforma um friðlýsingu Dranga á Ströndum.

Umhverfisstofnun, ásamt landeiganda Dranga og sveitarfélaginu Árneshreppi, auglýstu áform um friðlýsingu jarðarinnar Dranga á Ströndum sem óbyggð víðerni í samræmi við 46. gr. laga nr. 60/2013 um náttúruvernd og var öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við áformin. Áformin voru kynnt í samræmi við málsmeðferðarreglur 2. og 3. mgr. 36. gr. og 2. mgr. 38. gr. náttúruverndarlaga og auglýst í Lögbirtingarblaðinu, dagblaði, á heimasíðu og facebook-síðu Umhverfisstofnunar og á heimasíðu umhverfis- og auðlindaráðuneytisins. Eins voru áformin send til umsagnar til samráðs- og hagsmunaaðila og fagstofnana.

Áformin voru fyrst auglýst þann 18. febrúar 2019. Vegna formgalla á málsmeðferðinni voru áformin auglýst öðru sinni þann 21. júní 2019. Frestur til að skila ábendingum og athugasemdum var til 23. ágúst 2019.

Hér á eftir er gerð grein fyrir þeim athugasemdum og ábendingum sem bárust og viðbrögðum við þeim, hvort sem þær bárust við fyrri eða síðari auglýsingu áformanna.

Athugasemdir og viðbrögð við þeim:

Náttúrufræðistofnun Íslands

10.04.2019. Stofnunin styður áform um friðlýsingu Dranga og bendir á að jörðin er hluti af svæði, Drangajökull, sem NÍ hefur lagt til að fari á framkvæmdaáætlum náttúruinjaskrár, B-hluta. Nánari uppl. er að finna á <https://ni.is/node/21668> og í kortasjá. Í tillögum NÍ kemur einnig fram mikilvægi svæðisins sem víðerni en um forsendur fyrir tillögunni segir m.a.: „Nokkrar nýlegar jarðfræðirannsóknir frá svæðinu benda til talsverðs vísindalegs gildis svæðisins, sérstaklega fyrir jöklunarsögu, fornloftlagssögu og umhverfissögu landisins. Óvenju margir vel varðveittir fornir jökulgarðar finnast á láglandi í Grunnavíkurbreppi. Gott aðgengi að mjög virku og nokkuð sérstöku landmótunarumhverfi í Kaldalóni, beintengt skriðjökli í Kaldalóni. Mikil víðernisupplifun og svæðið nær óraskað“.

Viðbrögð

Náttúrufræðistofnun eru þakkaðar athugasemdirnar. Upplýsingar og heimildir sem vísað er til í tillögunni munu nýtast við undirbúning og vinnslu friðlýsingarinnar.

Ax lögmansþjónusta f.h. landeigenda Engjaness og Ófeigsfjarðar

10.04.2019. Fram kemur að landeigendur Engjaness, landnr. 141672 og Ófeigsfjarðar, landnr. 141707, sem eiga jarðir sem liggja að Dröngum, mótmæli fyrirhugaðri friðlýsingu Dranga sem óbyggðu víðerni skv. 46. gr. náttúruverndarlaga og krefjast þess að fallið verði frá áformum um friðlýsinguna. Í því sambandi var bent á að ekki verði séð að skilyrði friðlýsingar skv. náttúruverndarlögum séu fyrir hendi en auk þess standi annmarkar af einkaréttarlegum toga slíkum áformum í vegi. Þá, með vísan til 2. mgr. 39. gr. náttúruverndarlaga, var gerð sú krafa að drög að friðlýsingarskilmálum yrðu kynnt og veittur 3 mánaða athugasemda/andmælafrestur. Landeigendur áskildu sér rétt til að koma á framfæri ítarlegum og rökstuddum andmælum við friðlýsingu undir þeim fresti en landeigendur telja að þau andmæli ættu í öllu falli að leiða til þess að horfið verði frá áformum um friðlýsinguna.

13.08.2019. Upplýst er að með bréfi dags. 10.04.2019, hafi verið skilað inn athugasemdum og andmælum f.h. nokkurra aðila vegna áforma um friðlýsingu jarðarinnar Dranga á Ströndum. Fyrir mistök hafi þar verið tilgreind, meðal umbjóðenda Ax lögmannsþjónustu sem andmælin höfðu uppi, þau Guðrún, Haraldur og Nýja húsið. Framangreind andmæli ásamt síðari athugasemdum sem og önnur samskipti fyrir þeirra hönd, voru ekki gerð í þeirra þökk. Andmæli fyrir þeirra hönd voru því dregin tilbaka.

Viðbrögð

Landeigendum eru þakkaðar athugasemdirnar og mun það verða tekið til sérstakrar skoðunar hvort að áhrif friðlýsingarinnar nái til aðliggjandi jarða. Þá, áður en lögð verða drög að friðlýsingarskilmálunum fyrir landeigendur Dranga, viðkomandi sveitarfélag og aðra sem hagsmuna eiga að gæta, verða lagaleg skilyrði friðlýsingarinnar tekin til skoðunar. Drög að friðlýsingarskilmálunum munu auglýst í opnu ferli í þrjá mánuði og öllum gefinn kostur á að gera athugasemdir við fyrirhugaða friðlýsingu.

Upplýsingar sem bárust 13.08.2019 voru færðar inn á málið.

01.06.2020: Með lögum nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 á þann veg að undan orðunum „í a.m.k. 5 km fjarlægð“ var bætt við orðunum að jafnaði.

Landslög ehf. f.h. Vesturverk ehf.

10.04.2019. Bent er á að skv. skilgreiningu 19. tl. 1. mgr. 5. gr. er óbyggt víðerni:

„Svæði í óbyggðum sem er að jafnaði a.m.k. 25 km² að stærð eða þannig að hægt sé að njóta þar einveru og náttúrunnar án truflunar af mannvirkjum eða umferð vélknúinna farartækja og í a.m.k. 5 km fjarlægð frá mannvirkjum og öðrum tæknilegum ummerkjum, svo sem raflínunum, orkuverum, miðlunarlónum og uppbyggðum vegum.“

Vesturverk hyggst reisa Hvalárvirkjun í Ófeigsfirði á Ströndum. Með virkjuninni er stefnt að því að virkja Hvalá, Rjúkanda og Eyvindarfjarðará á Ófeigsfjarðarheiði. Virkjunarsvæðið er að litlu leyti, en þó að hluta, nálægt áformuðu friðlýsingarsvæði, þ.e. innan jarðarinnar Engjaness. Það svæði er þó forsenda fyrirhugaðra framkvæmda. Vesturverk hefur lagt í mikla fjárfestingu vegna fyrirhugaðra virkjunaráforma og gert samninga við landeigendur, þ.m.t. eigendur Engjaness sem liggur að hinu fyrirhugaða friðlýsta svæði.

Vesturverk gerir ekki athugasemdir við áformin enda sé tryggt og skýrt að fram komi í friðlýsingarskilmálunum að friðlýsingin hafi ekki áhrif á aðliggjandi jarðir eða fyrirhugaðar virkjunarframkvæmdir. Komi friðlýsingin til með að hafa takmarkandi áhrif á t.d. Engjaness mun það hafa í för með sér stórfellt fjárhagslegt tjón fyrir Vesturverk ehf, og landeiganda Engjaness.

Tekið er fram að fyrirhugað virkjunarsvæði Vesturverks og vatnasvið virkjunarinnar er ekki innan áætlaðs friðlýsingarsvæðis. Vegna orðalags 19. tl. 1. mgr. 5. gr. náttúruverndarlaga er mikilvægt að sjónarmið Umhverfisstofnunar um hvort að friðlýsing svæðisins geti eða muni hafa áhrif á áætlaðar framkvæmdir eða aðliggjandi jarðir, liggja skýrt fyrir og komi skýrlega fram í öllum kynningum á tillögu að friðlýsingunni.

Telji stofnunin að áformuð friðlýsing jarðarinnar Dranga geti haft áhrif á framkvæmdir í tengslum við Hvalárvirkjun telur Vesturverk sjálfgefið, að áður en lengra er haldið, þurfi að gera grein fyrir því og leita samþykkis eða samkomulags við eigendur og hagsmunaaðila annarra jarða en Dranga. Annar möguleiki væri að miða friðlýsingu Dranga við línu innan jarðarinnar sjálfrar en ekki landamerki jarðarinnar, til að tryggja að friðlýsingun hafi ekki áhrif utan landamerkja Dranga. Réttur til frekari athugasemda var áskilinn.

31.07.2019. Vísað er til fyrri athugasemda, dags. 10.04.2019. Vegna þess að afstaða Umhverfisstofnunar liggur ekki fyrir er lagst gegn friðlýsingunni enda er ekki vitað hvort fyrirhuguð friðlýsing kunni að hafa neikvæð áhrif á hagsmuni og réttindi Vesturverks.

Viðbrögð

Vesturverk eru þakkaðar ábendingarnar og munu þær hafðar í huga við undirbúning friðlýsingarinnar. Sérstaklega verður farið yfir möguleg áhrif friðlýsingarinnar á aðliggjandi jarðir.

01.06.2020: Með lögum nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 á þann veg að undan orðunum „í a.m.k. 5 km fjarlægð“ var bætt við orðunum að jafnaði.

Skógræktin

10.04.2019. Bent er á að samkvæmt drögum að nýjum lögum um skóga og skógrækt, skal Skógræktin m.a. stuðla að vernd og endurheimt náttúruskóga. Í sumum tilfellum getur átt við að gera áætlun um hvar skuli sá eða gróðursetja birki til að stuðla að endurheimt landgæða, varanlegri landgræðslu og jarðvegsvernd. Við endurreisn landgæða þar sem birki og víðir er einkennandi í gróðurfari er beitarstýring, og í sumum tilfellum friðun, lykilatriði.

Með samþykkt nýrra laga um skóga og skógrækt sem vænta má innan skamms, verður búið að lögfesta að ráðherra gefi út eigi sjaldnar en á 5 ára fresti lands- og landshlutaáætlun í skógrækt (sambærilegt stendur skrifað í nýjum lögum um landgræðslu, nr. 155/2018). Það er mikilvægt að bæði sveitarfélög og opinberar stofnanir setji sér skýr og mælanleg markmið um endurheimt og/eða stuðli að vexti náttúruskóga. Nýta má áður nefndar lands- og landshlutaáætlanir til þess að vernda og endurheimta náttúruskóga, og með því stuðla að því að uppfylla ýmis ákvæði er lúta að heimsmarkmiðum SP og aðgerðaáætlun ríkisstjórnar Íslands í loftslagsmálum.

Skógræktin óskar eftir góðu samstarfi við Umhverfisstofnun um að vernda, endurheimta og stuðla að vexti íslensku birkiskóganna, bæði innan friðlýstra svæða þar sem það á við og í næsta nágrenni þeirra. Skógræktin vill með bréfi þessu vekja athygli Umhverfisstofnunar á því að skoða ávallt, þegar verið er að fjalla um friðlýsingar, hvort ástæða sé til þess að endurheimta náttúruskóga innan umrædds svæðis.

Viðbrögð

Skógræktinni er þakkað fyrir athugasemdirnar og munu þær hafðar í huga á þeim svæðum þar sem það á við, nú sem endranær.

Orkustofnun

12.04.2019. Bent er á skilgreiningu 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga á óbyggt víðerni. Ef fyrirhuguð er að friðlýsa jörðina alla er ljóst að áhrif friðlýsingar ná a.m.k. 5. km. út fyrir viðkomandi eign og getur þar með leitt af sér takmörkun á eignarétti og atvinnufrelsi þriðja aðila.

Þá er bent á að með samþykki ályktunar Alþingis nr. 13 frá 141. löggjafarþingi um áætlun um vernd og orkunýtingu landsvæða (rammaáætlun), hefur Hvalárvirkjun verið ákvörðuð í nýtingarflokk og í samræmi við það hafa farið fram rannsóknir og annar undirbúningur á svæðinu. Orkustofnun hefur, að fenginni m.a. umsögn Umhverfisstofnunar (dags. 6. mars. 2015), veitt rannsóknarleyfi skv. lögum nr. 57/1998 um rannsóknir og nýtingu á auðlindum í jörðu, á svæði sem liggur að hluta að landamerkjum jarðarinnar Dranga. Orkustofnun er ekki kunnugt um endanlega tilhögun eða áform um mannvirki vegna fyrirhugaðrar virkjunar en bendir á að hafa þurfi þessi atriði í huga við undirbúning að afmörkun svæðis og umfjöllun um reglur friðlýsingar.

Einnig er bent á það að á nokkrum stöðum á jörðinni Drangar er jarðhita að finna. Við undirbúning friðlýsingar og umfjöllun um reglur varðandi framkvæmdir og nýtingu svæðisins ber að huga að hugsanlegri nýtingu jarðhita, s.s. vegna þjónustu við ferðamenn, til baða og upphitun húsakosts.

Viðbrögð

Orkustofnun er þakka fyrir ábendingarnar og munu þær hafðar í huga við undirbúning og vinnslu friðlýsingarinnar.

01.06.2020: Með lögum nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 á þann veg að undan orðunum „í a.m.k. 5 km fjarlægð“ var bætt við orðunum að jafnaði.

Náttúruverndarsamtökin Rjúkandi

01.04.2019. Samtökin fagna áformum um friðlýsingu Dranga og telja að friðlýsingin muni hafa verulega jákvæð áhrif á Árneshrepp og ímynd hans. Samtökin telja að landeigendur Dranga hafi með þessu stigið heillaspor í þá átt að vernda til frambúðar einstætt landslag og ósnortin víðerni, fjölbreytt dýralíf og gróðurfar sem munu njóta góðs af.

10.08.2019. Samtökin ítrekuðu ánægju sína

Viðbrögð

Samtökunum eru þakkar athugasemdirnar.

Pétur Guðmundsson landeig. í Ófeigsfirði

01.04.2019. Bent er á að fyrirhuguð friðlýsing Dranga í Árneshreppi, virðist takmarka nýtingarrétt hans á sínu landi, sem er Ófeigsfjörður í Árneshreppi. Áhrifasvæði friðunar ætti einungis að vera Drangajörðin, og á ekki að ná neitt út fyrir landamörk þeirrar jarða. Þá er færður fram ýmiss fróðleikur um svæðið.

Viðbrögð

Péttri eru þakkaðar athugasemdirnar og upplýsingarnar. Horft verður til þeirra við nánari afmörkun svæðisins og m.a. farið yfir möguleg áhrif á aðliggjandi jarðir.

01.06.2020: Með lögum nr. 43/2020 var gerð breyting á skilgreiningu 19. tl. 5. gr. náttúruverndarlaga nr. 60/2013 á þann veg að undan orðunum „í a.m.k. 5 km fjarlægð“ var bætt við orðunum að jafnaði.

Guðrún Gunnarsdóttir f.h. Eyrarsystra

15.08.2019. Bent er á að ganga þurfi frá jarðarmörkum milli Dranga og Skjaldarbjarnarvíkur og telur að bíða þurfi úrskurðar Óbyggðanefndar hvað mörkin varðar.

Viðbrögð

Guðrúnu er þakkað fyrir ábendingarnar og mun tekið tillit til þeirra við nánari afmörkun svæðisins.

Óbyggðanefnd

06.03.2019. Nefndin tekur ekki afstöðu til áformana sem slíkra þar sem það á ekki undir hana. Hins vegar er vakin athygli á því að ekki verði betur séð en að þær forsendur sem liggja til

grundvallar afmörkun svæðisins sem áformað er að friðlýsa stangist að nokkru leyti á við framkomna kröfu fjármála – og efnahagsráðherra um þjóðlendu á svæðinu.

03.06.2019. Nefndin ítrekar fyrri athugasemdir.

11.07.2019. Bent er á að óbyggðanefnd hafi til úrlausnar kröfu fjármála- og efnahagsráðherra fyrir hönd íslenska ríkisins um að sá hluti Drangajökuls sem er innan stjórnsýslumarka Strandasýslu sé þjóðlenda, ásamt kröfum landeiganda um eignaréttindi á þeim hluta jökulsins sem krafa ríkisins lýtur að. Kröfugerð ríkisins miðar við jaðar jökulsins eins og hann var við gildistöku þjóðlendlulaga nr. 58/1998, þ.e. 1. júlí 1998. Við úrlausn málsins reynir einkum á hvort land aðliggjandi jarða verði talið ná inn á umræddan hluta jökulsins eða ekki.

Í þremur dómum Hæstaréttar hefur niðurstaða um að svæði væri eignarland en ekki þjóðlenda ráðist af því að hvort fyrri lögskipti ríkisvaldsins við landeigendur, þar sem gengið var út frá því að umrædd svæði væru innan marka jarða, voru talin ósamrýmanleg kröfu ríkisins um þjóðlendu. Þetta eru dómar Hæstaréttar frá 11. maí 2009 í máli nr. 496/2005 (Skaftafell II), frá 10. október 2013 í máli nr. 617/2012 (landsvæði sunnan Ölfusafréttar) og frá 28. september 2017 í máli nr. 94/2017 (Hvassafellsafréttur). Í fyrstnefnda dómnum vörðuðu umrædd lögskipti ríkisins við landeigendur undirbúning að stofnun þjóðgarðs í Skaftafelli. Vakin er athygli á þessu hér, án þess þó að nokkur afstaða sé tekin til þess á þessu stigi hvort lögskipti ríkisins við eigendur Dranga vegna áforma um friðlýsingu þeirrar jarðar teljist sambærileg eða kunní eftir atvikum að hafa þýðingu við úrlausn þess máls sem óbyggðanefnd hefur nú til meðferðar.

Viðbrögð

Óbyggðanefnd er þakkað fyrir góða upplýsingagjöf sem nýtast mun við undirbúning friðlýsingarinnar og afmörkun svæðisins.

Hafrannsóknarstofnun

12.03.2019. Ekki eru gerðar athugasemdir við áformin.

Viðbrögð

Hafrannsóknarstofnun er þakkað fyrir að skoða áformin.

Isavia

05.03.2019. Isavia gerir ekki athugasemdir varðandi áformin og er ekki kunnugt um neinn búnað eða slíkt sem slík friðlýsing hefði áhrif á er varða Isavia.

28.06.2019. Fyrri umsögn var ítrekuð.

Viðbrögð

Isavia er þakkað fyrir upplýsingarnar.

Leiðsögn, stéttarfélag leiðsögumanna

03.04.2019. Félagið gerir ekki athugasemdir við áformin en upplýsir að það sé stefna Leiðsagnar að náttúrminjar séu friðlýstar með þeim fyrirvara að tryggð sé landvarsla og aðgengi að þeim. Þannig fari saman verndum og eðlileg nýting hins friðlýsta svæðis.

Viðbrögð

Leiðsögn er þakkað fyrir upplýsingarnar. Nefnd atriði eru meðal þeirra sem hugað verður að við undirbúning tillögu fyrir svæðið.

Ferðamálastofa

04.07.2019. Ferðamálastofa gerir ekki athugasemdir við áformin.

Viðbrögð

Ferðamálastofu er þakkað fyrir að skoða áformin.

Landvernd

02.09.2019. Landvernd lýsir eindregnum stuðningi við friðlýsinguna enda er henni ætlað að vernda verðmætar náttúru- og menningarminjar í samræmi við lög. Hún er einnig í samræmi við vilja landeigenda sem hafa sýnt mikið hugrekki í viðleitni sinni til þess að vernda óbyggð víðerni og aðra einstaka náttúru á landi sínu

Viðbrögð

Landvernd er þakkað fyrir hvatninguna.

Náttúrustofa Vestfjarða

21.8.2019. Náttúrustofa Vestfjarða gerir ekki athugasemdir við áform um friðlýsingu Dranga í Árneshreppi á Ströndum.

Viðbrögð

Náttúrustofu er þakkað fyrir að taka áformin til skoðunar.

10. september 2019
UST202001-151
09.03.